
1987 nr. 47 30. mars**Lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna**

■ **1. gr.** Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamþykkt um þjálf-

un, skírteini og vaktstöður sjómanna á kaupskipum (STCW, 1978).

■ **2. gr.** Ráðherra er heimilt að setja reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við ályktun A. 481 sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1981.

■ **3. gr.** Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.